

Stærðfræði

Próf úr námsefni fyrir nemendur sem eru 6-14 ára gamlir

Námskrá

Efni fyrir kennara

Fyrsta mat á hæfni nemanda sem lærir íslensku sem annað tungumál

(innflytjandi)

Staðfært efni sem gefið var út í Barcelona á árunum 2004-2005.

Direcció General d'Ordenació i Innovació Educativa. Subdirecció General de Llengua i Cohesió Social. Barcelona 2004 – 2005

Mat á stærðfræðiþekkingu og færni 6 - 14 ára gamalla nemenda.

Stöðumat

Efninu er ætlað að aðstoða kennara við að meta stöðu þeirra nemenda sem flytja til landsins og eru því að koma úr námsumhverfi sem gæti verið ólíkt því íslenska. Námskrá og áherslur geta einnig verið ólíkar. Matinu er ætlað að meta stöðu þeirra sem hafa litla eða enga kunnáttu í íslensku.

Undirbúningur

Prófinu er skipt í fjóra hluta:

1. 8 ára og yngri
2. 9-10 ára
3. 11-12 ára
4. 12-14 ára

Gæta þarf þess að nemandi taki þann hluta sem ætlaður er hans aldri.

Ætlast er til þess að nemandinn geti tekið próf á eigin móðurmáli meira eða minna án hjálpar kennara. Ef barnið er 6-10 ára getur kennarinn reynt að útskýra til hvers er ætlast á merkingabæran hátt (t.d. með bendingum eða teikningum) án þess að gefa þeim svarið við viðkomandi spurningu eða dæmi.

Prófið er einstaklingsverkefni.

Gæta skal vel að því að búa nemanda notalegt umhverfi þar sem hann getur tekið prófið. Mikilvægt er að nemandinn upplifi matið á jákvæðan hátt og finni ekki fyrir streitu því tengdu. Prófinu er einfaldlega ætlað að meta stöðu viðkomandi nemanda til að hægt sé að finna honum/henni viðeigandi námsefni í framhaldinu. Enginn einkunn er gefin fyrir prófið en mælt er með að barnið fái umbun fyrir að taka það eins og t.d. fallegan blýant, límmiða eða annað sem hæfir aldri og aðstæðum.

Það sem hafa þarf við hendina þegar matið er framkvæmt:

- Prófið sjálft
- Matsleiðbeiningar fyrir kennara
- Blýantur, helst fleiri en einn
- hvít blöð (sem nemandi getur nýtt þurfi hann á því að halda við að leysa dæmin), strokleður
- yddari
- Vasareiknir fyrir elstu hópana

Gert er ráð fyrir að nemandinn hafi að hámarki 60 mínútur til að ljúka við prófið. Sumir nemendur þurfa styttri tíma.

Eftirfylgni

Kennari fyllir út það matsblað sem tilheyrir viðkomandni hluta prófsins.

Matsblað

Námsgrein:

Nafn nemanda:

Aldur:

Dagsetning mats:.....

| 8 ÁRA OG YNGRI | | | | | |
|--------------------|------------|-------|--------------|-------|--------------|
| STÆRÐFRÆÐI | Mat á getu | | | | ATHUGASEMDIR |
| EFNI PRÓFS | engin | lítil | fullnægjandi | mikil | |
| Náttúrulegar tölur | | | | | |
| Samlagning | | | | | |
| Frádráttur | | | | | |
| Myndadæmi | | | | | |
| Þekking á dagatali | | | | | |
| Kunnátta á klukku | | | | | |

Matsblað

Námsgrein:

Nafn nemanda:

Aldur:

Dagsetning mats:.....

| 9-10 ÁRA | | | | | |
|--------------------------------------------|------------|-------|--------------|-------|--------------|
| STÆRÐFRÆÐI | Mat á getu | | | | ATHUGASEMDIR |
| EFNI PRÓFS | engin | lítil | fullnægjandi | mikil | |
| Runur náttúrulegra talna og margföldun | | | | | |
| Samlagning og frádráttur, uppsetning | | | | | |
| Margföldun (hugarreikningur og uppsetning) | | | | | |
| Deiling (hugarreikningur og uppsetning) | | | | | |
| Almenn brot og myndræn framsetning þeirra | | | | | |
| Dæmalausnir | | | | | |
| Þekking á hugtökum rúmfræðinnar | | | | | |

Matsblað

Námsgrein:

Nafn nemanda:

Aldur:

Dagsetning mats:.....

| 11-12 ÁRA | | | | | |
|--------------------------------------------------|------------|-------|--------------|-------|--------------|
| STÆRÐFRÆÐI | Mat á getu | | | | ATHUGASEMDIR |
| EFNI PRÓFS | engin | lítil | fullnægjandi | mikil | |
| Talnarunur, röskilningur, margföldun og tugabrot | | | | | |
| Margföldun og deiling | | | | | |
| Reikningur tugabrota. | | | | | |
| Myndræn framsetning almennra brota | | | | | |
| Einfaldar reikniaðgerðir með almenn brot | | | | | |
| Einfaldur veldisreikningur | | | | | |
| Þekking á þrívíddarhugtökum | | | | | |
| Vinna með mælieiningar | | | | | |

Matsblað

Námsgrein:

Nafn nemanda:

Aldur:

Dagsetning mats:.....

| 13- 14 ÁRA | | | | | |
|--------------------------------------------------|------------|-------|--------------|-------|--------------|
| STÆRÐFRÆÐI | Mat á getu | | | | ATHUGASEMDIR |
| EFNI PRÓFS | engin | lítil | fullnægjandi | mikil | |
| Kvaðratrót | | | | | |
| Operaciones con exponentes | | | | | |
| Propiedad distributiva | | | | | |
| Algebra: jöfnur | | | | | |
| Útreikningur á ummáli og flatarmáli marghyrninga | | | | | |
| Útreikningur á rúmmáli | | | | | |
| Notkun á tölunni P til að reikna flatarmál | | | | | |
| Túlkun á deilingu og margfeldi? | | | | | |